



10. ársþing Héraðssambands Vestfirðinga 28. apríl 2010 Haldið í Stjórnsýsluhúsinu Ísafirði kl. 18:00

Dagskrá

1. **Þingsetning** var í höndum Jóns Páls Hreinssonar, þing sett kl. 18:05
2. **Kosning fyrsta og annars þingforseta**, Marinó Hákonarson og til vara Hermann Níelsson
3. **Kosning fyrsta og annars þingritara** Sigrún Sigvaldadóttir og til vara Erla Jónsdóttir.
4. **Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar**, Svavar Þór Guðmundsson, Ingólfur Þorleifsson og Sigmundur Þórðarsson formaður. Þeir tóku strax til starfa.
5. **Skýrsla stjórnar lögð fram**. Jón Páll Hreinsson bar fram kveðjur frá Helgu Guðjónsdóttur formanni UMFÍ, Sæmundi Runólfssyni framkvæmdastjóra og eins frá Líney Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSÍ og Ólafi Rafnssyni formanni.

Síðan flutti Jón Páll viðamikla skýrslu stjórnar sem þetta árið var með nýju sniði og mun ítarlegri en venjulega og gefur góða mynd af starfi HSV og aðildarfélaga þess. Skýrslan liggur fyrir á þinginu og er jafnframt aðgengileg á vef HSV. Fram kom að rekstur sambandsins er í járnnum og er það verkefni nýrrar stjórnar að auka tekjur sambandsins. HSV var rekið með um 300 þúsund króna tapi á síðasta starfsári. Rætt var um afreksmannasjóð og verkefnasjóð og íþróttamanni Ísafjarðar óskað til hamingju.

Felix kerfið heldur utan um skráða félaga og iðkendur. 6 félög fá skertar greiðslur á þessu ári út af vanskilum á gögnum samkvæmt tillögu sem samþykkt var á 9. ársþingi HSV.

Lottó og getraunir skila tekjum fyrir félögin en áheiti á HSV vegna getrauna hrundi úr 762.000 2007 í 79.000 2008 og sést því að nauðsynlegt er að efla Getraunaleikinn. Þurfa öll

aðildarfélög að standa saman að því.

Jón Páll kom víða við í skýrslunni og ræddi að lokum framtíðarsýn íþróttamála í Ísafjarðarbæ en hann telur að rekstur og starfsemi yngstu iðkendanna sé á villigötum.

6. **Endurskoðaðir reikningar lagðir fram**, Maron Pétursson leggur fram reikninga HSV fyrir árið 2009, ársreikningar liggja fyrir þinginu, Maron fór yfir einstaka liði í ársreikningi.

7. **Ávörp gesta,**

Eyrún Harpa Hlynsdóttir fulltrúi UMFÍ. Hún flytur kveðjur frá formanni og stjórn UMFÍ. Ræðir um þær áherslur sem UMFÍ leggur á fræðslu og forvarnir. Bygging húsnæðis í miðbæ Reykjavíkur er í uppnámi vegna kreppunnar en í stað hefur verið fengið hús að Sigtúni 42 undir skrifstofu og aðra þjónustu en þar er ekki hægt að bjóða upp á gistingu eins og fyrirhugað var í nýbyggingunni. Hún hvetur aðildarfélögin til að mæta á Unglingalandsmótið í Borgarnesi. Eyrún minnir á heimasíðuna umfi.is og hvetur fólk til að kynna sér það sem þar er í boði. Einnig bendir hún á verkefna-, fræðslu- og umhverfissjóði og hvetur félög til að sækja þar um. Ræðir um lottó og getraunir og þakkar fyrir gott starf og sjálfböðavinnu sem vegur þungt í samfélaginu.

Guðjón Þorsteinsson fulltrúi KKÍ. Hann flytur kveðjur frá Hannesi S. Jónssyni, formanni KKÍ til HSV vegna æfingabúða KFÍ á síðasta ári. Skorar á alla að halda góðu samstarfi.

Gísli Halldór Hermannsson Ísafjarðarbær. Hann þakkar fyrir boð á þingið og segir að samvinnan við HSV og samstarfssamningurinn hafi gengið vel. Í kreppunni er hætta á niðurskurði til íþróttamála en samningurinn er góður og heldur hlutunum uppi. Honum líst vel á endurskoðun á unglíngastarfi.

8. **Álit kjörbréfanefndar,** Sigmundur Þórðarson formaður tók til máls og fór með álit kjörbréfanefndar og taldi upp fulltrúa hvers félags.

Blakfélagið Skellur – Sigurður Hreinsson

Boltafélag Ísafjarðar – Svavar Þór Guðmundsson, Hannes Haraldsson, Guðrún Karlsdóttir og Samúel Samúelsson.

Golfklúbbur Ísafjarðar – Tryggvi Sigtryggsson og Finnur Magnússon

Hestamannafélagið Hending – Marínó Hákonarson

Hörður – Rúnar Brynjólfsson, Dagný Viggósdóttir, Jón Sigmundsson og Hermann Níelsson

Íþróttafélagið Grettir – Björn R Gunnarsson

Íþróttafélagið Höfrungur – Guðrún Snæbjörg Sigþórsdóttir og Sigmundur F. Þórðarson

Íþróttafélagið Ívar – Rúnar Arnarson

Íþróttafélagið Stefnir – Svava Rán Valgeirsdóttir og Arnar Guðmundsson

KFÍ – Sævar Óskarsson, Elvar Ingason, Guðjón Þorsteinsson, Guðni Guðnason og Ingólfur Þorleifsson

Skíðafélag Ísfirðinga – Jóna Lind Kristjánsdóttir, Sólrún Geirsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Jóhanna Oddsdóttir, Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, Friðgerður Ómarsdóttir, Hjalti Karlsson, Marzellíus Sveinbjörnsson og Sigrún Sigurðardóttir.

Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar – Guðmundur Valdimarsson, Björn Bergsson og Jón Guðni Pálmason.

Ungmennafélagið Geisli – Hulda Gunnarsdóttir og Anna Lind Ragnarsdóttir.

Guðjón Þorsteinsson bað um orðið: Hann vill að það sé á hreinu hverjir séu aðalmenn og hverjir varamenn. Og spyr hversu margir séu með atkvæðisrétt. Sigmundur svarar: það eru 52 sem hafa atkvæðisrétt og af þeim 37 mættir á þingið. Kristján Þór Kristjánsson bendir á að sambandsstjórnin hefur líka atkvæðisrétt þannig að það eru samtals 59 atkvæði en 41 sem eru mætt.

Kjörbréf samþykkt.

9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Guðjón Þorsteinsson þakkar fyrir flotta skýrslu. Tipplar á því sem Jón Páll sagði.

Upplýsingaflæðið er ekki nógu gott, heimasíðan ekki nógu nýtt, vantar fundargerðir, ekki nógu margir formannafundir. Guðjón tekur undir það að það vanti samstarf milli félaga. Vill hafa HSV-dag á hverju ár. Sammála með að of mikið sé einblínt á keppnisgreinar. Vantar forvarnarstefnu hún er í molum. Verður að vera samvinna um fjáraflanir. Vantar samvinnu, vantar ársskýslu frá stórum félögum, vantar eins búninga. Verum vakandi, sýnum samstarf, vökum yfir börnunum.

Jón Páll. Fundargerðir til áramóta eru allar inni á netinu. Formannafundir eru til að taka ákvarðanir sem stjórnin getur ekki ákveðið, upplýsingar fara til félaga í tölvupósti. Vegna fjölskyldudags þá er gróðursetning eitthvað sem allir hafa skrifað undir að taka þátt í.

Guðjón vill fleiri formannafundi.

Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða,

Reikningar samþykktir samhljóða.

10. Kosning í nefndir

- a. Fjárhagsnefnd og stefnumótunardeild, Maron Pétursson
- b. Allsherjarnefnd, Jón Páll Hreinsson
- c. Laganefnd, Guðni Guðnason

11. **Fjárhagsáætlun lögð fram**, Maron Pétursson leggur fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2010, áætlunin liggur fyrir þinginu. Hún er merkt tillaga 1 og vísað til fjárlaganefndar.

12. **Aðrar tillögur lagðar fram.**

- a. tólf tillögur frá stjórn – merktar 2 – 13 og liggja fyrir þinginu.

Tillaga 2 flutt af Maroni Péturssyni

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28. apríl 2010, skorar á Ísafjarðarbæ og Súðarvíkurhrepp að styðja dyggilega við íþrótt- og æskulýðsstarf.

I

Vísad til allsherjarnefndar.

Tillaga 3 flutt af Maroni Péturssyni

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28. apríl 2010, skorar á Ísafjarðarbæ að halda áfram samstarfi við HSV með verkefnasamningi. Einnig er skorað á Ísafjarðarbæ að horfa til HSV þegar verkefni myndast hjá Ísafjarðarbæ svo hægt sé að stækka og styrkja verkefnasamninginn.

Greinargerð:

Verkefnasamningur Ísafjarðarbæjar og HSV hefur sannað gildi sitt. Samningurinn er gríðalega mikilvægur fyrir Íþróttafélögin í bænum og geta þau með auknu fjármagni þjónustað iðkendur sína enn betur. Enginn vafi er heldur að Ísafjarðarbæ nýtur einnig góðs af þessu ekki einungis með betra íþróttalífi í bænum heldur fær sveitarfélagið verkefni sín mjög vel unnin fyrir mjög sanngjarna greiðslu.

Vísad til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 4 flutt af Maroni Péturssyni

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28. apríl 2010, hvetur aðildarfélög sín til að vinna að því í samstarfi við HSV að styðja við tippaleik HSV með öllum þeim hætti sem mögulega þarf til við að byggja upp tekjur með Tippaleiknum. Þingið samþykkir einnig að aðildarfélög í samvinnu við HSV stofni tippnefnd sem inniheldur fólk sem aðildarfélögin skipa.

Greinargerð: Tippaleikur HSV getur með sameiginlegu átaki orðið góð tekjulind fyrir aðildarfélög HSV. Árið 2007 þegar leikurinn var í sem hæstu hæðum fengu íþróttafélögin rúma 760.000 kr út úr leiknum. Þvi miður hefur leikurinn dottið niður undanfarið en ekki er ólíklegt að hægt auka þessa upphæð verulega ef allir leggjast á eitt.

Vísad til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 5 flutt af Erlu Jónsdóttur

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28. apríl 2010, samþykkir að fela stjórn að móta stefnu HSV í almenningsíþróttum.

Greinargerð: Eitt af markmiðum HSV samkvæmt lögum félagsins er að stuðla að þátttöku almennings að hreyfingu. Í lögum félagsins segir meðal annars að HSV eigi „Að efla áhuga almennings fyrir líkamsmennt, með erindum eða annari fræðslu og örfá almenna þátttöku í íþróttaiðkun og í keppni um íþróttamerki“. HSV getur með margskonar hætti komið að almenningsíþróttum og eru verkefni bæði hjá UMFÍ og ÍSÍ sem HSV getur unnið að í heimabyggð. Mikilvægt er að HSV móti sér stefnu í þessum málaflokki

Vísad til fjárhags- og stefnumótunarnefndar.

Tillaga nr. 6 flutt af Erlu Jónsdóttur

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28. apríl 2010, hvetur ríkisstjórn til að auka framlög í ferðasjóð íþróttafélaga eins og fyrirheit höfðu verið gefin um.

Greinargerð: Ferðasjóður íþróttafélaganna hefur svo sannarlega sannað gildi sitt og er gríðalega mikilvægur fyrir íþróttafélögin í landinu og sérstaklega á landsbyggðinni. Mikilvægt er að íþróttafélögin hvetji ríkisstjórnina til að halda áfram með ferðasjóðinn og auka framlög í hann um leið og tækifæri gefst.

Vísad til allsherjarnefndar.

Tillaga 7 flutt af Erlu Jónsdóttur

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28. apríl 2010, hvetur aðildarfélög til að mæta öflug, sem aldrei fyrr, á 13. Unglingalandsmót í Borgarnesi 2010. Stjórn HSV er falið að skipa þriggja manna Unglingalandsmótsnefnd sem sér um yfirfararstjórn á mótinu og vinni með félagunum að skipulagningu ferðarinnar.

Vísad til allsherjarnefndar.

Tillaga 8 flutt af Erlu Jónsdóttur

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28.apríl 2010, færir Ísafjarðarbæ, bæjarstjórn og íþrótt og tómstundanefnd þakkir fyrir þeirra framlag við uppbyggingu íþróttamannvirkja og stuðning við HSV á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

Vísað til allsherjanefndar.

Tillaga 9 flutt af Guðna Guðnasyni

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28.apríl 2010, þakkar keppendum, þjálfurum og öðrum þeim sem tóku þátt í Landsmóti UMFÍ á Akureyri og Unglingalandsmóti UMFÍ á Sauðárkróki sl.sumar. Fyrirtækinu Flytjanda eru færðar sérstakar þakkir fyrir stuðningin við bæði mótin.

Vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga 10 flutt af Guðna Guðnasyni

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28.apríl 2010, , samþykkir að öll gögn frá HSV verði framvegis send til félaga með tölvupósti og kynnt á heimasíðu HSV.

Vísað til fjárhags- og stefnumótunarnefndar.

Tillaga 11 flutt af Guðna Guðnasyni

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28.apríl 2010, , samþykkir að vegna 10 ára afmæli HSV þá verði haldið fjölskyldudagur HSV. Stjórn HSV er falið vinna að dagskrá að deginum og að skipuleggja daginn í samvinnu við aðildarfélög HSV.

Greinargerð: Stjórn HSV telur að það geti verið mikil og góð stemning í því að halda fjölskyldudag HSV þar sem dagskrá bæði fyrir börn og fullorðna tengda íþróttum og hreyfingu verði í boði. Er eitt verkefna fjölskyldudagsins að öll aðildarfélög, iðkendur og aðstandendur geti komið saman og skemmt sér. Frekar á eftir að ákveða dagskrá og skipulag.

Vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga 12 flutt af Guðna Guðnasyni

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28.apríl 2010, skorar á Ísafjarðarbæ að vera í samstarfi við íþróttafélögin þegar teknar eru ákvarðanir um skerðingu eða breytingu á opnunartímum íþróttamannvirkja í Ísafjarðarbæ.

Greinargerð: HSV gerir sér grein fyrir því að mikill kostnaður fylgi því að reka íþróttamannvirki og að stundum þurfi að aðlaga opnunartíma eftir notkun hvers mannvirkis fyrir sig. Telur HSV að það þurfi að stíga varlega niður í þessum málum svo ekki komi til raskana á starfi félaganna og sérstaklega þegar kemur að yngri iðkendum. Mikilvægt er að íþróttafélögin fái að vera með í ákvarðanartöku um skerðingu opnunartíma ef svo ber undir til að lágmarka þann skaða sem sú skerðing geti haft í för með sér.

Vísað í alsherjarnefnd.

Tillaga 13 flutt af Jóni Páli Hreinssyni

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28.apríl 2010, leggur til að stjórn HSV fái heimild til að stofna undirbúningsnefnd um ritun íþróttasögu Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur. Verkefni nefndarinnar væri að undirbúa ritun sögunnar og fjármagna verkefnið.

Greinargerð: Er hér um afar umfangsmikið og metnaðarfullt verkefni og vanda þarf til verks frá fyrsta skrefi. Á Ísafirði, í Hnífsdal, Súðavík, Önundarfirði, Súgandafirði og Dýrafirði er að finna ótrúlega sögu íþrótt og afreka á því sviði. Ekki bara afreka í formi styrks, úthalds og snerpu, heldur afreka heils samfélags sem felst í því að skipuleggja og framkvæma æfingar, keppni og íþróttaviðburði við oft á tíðum erfiðar aðstæður íbúnum til heilla. Það er þessi ómetanlega saga sem okkur ber skylda til að skrásetja og geyma.

Vísað til allsherjarnefndar.

13. Laga- og reglugerðabreytingar,

Tillaga 14 flutt af Jóni Páli Hreinssyni

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28.apríl 2010, samþykkir að gera eftirfarandi breytingar á 7.grein laga HSV.

7. grein.

Hlutverk.

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í apríl ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum, um sambandssvæðið.

Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þingið skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

7.grein myndi hljóða svona eftir breytingu

Hlutverk.

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í apríl ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum, um sambandssvæðið.

Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þingið skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. *Síðara fundarboð* dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara með *rafrænum hætti nema óskað sé eftir því skriflega*.

Vísað til laganeftdar.

Tillaga 15 flutt af Jónu Lind Kristjánsdóttur.

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28.apríl 2010, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á 7.gr laga HSV.

7. grein.

Hlutverk.

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í apríl ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum, um sambandssvæðið.

Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þingið skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

7.grein myndi hljóða svona eftir breytingu

Hlutverk.

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í byrjun maí ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögum, um sambandssvæðið.

Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þingið skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

Greinargerð: Apríl er erfiður mánuður fyrri skíðafólk þar sem miklar annir eru í þeim mánuði vegna Skíðaviku, skíðamóta, Andrésar Andarleikanna og Fossavatnsgöngunnar. Þess vegna óskum við eftir því að eftirfarandi lagabreyting hljóti hljómgrunn á þessu þingi.

Vísad til laganeftardar.

Tillaga 16 flutt af Jóni Páli Hreinssyni

10. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 28.apríl 2010, samþykkir að gera eftirfarandi breytingar á reglum afreksmannasjóðs HSV greinar 4, 7 og 8.

Afreksmannasjóður Héraðssambands Vestfirðinga

Reglugerð fyrir afreksmannasjóð Héraðssambands Vestfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður Héraðssambands Vestfirðinga, varnarþing hans skal vera starfssvæði HSV.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá einstaklinga eða hópa innan HSV sem náð hafa umtalsverðum árangri í íþrótt sinni.

3. gr.

Eingöngu félagar og keppnishópar innan HSV, sem stunda íþróttir sem viðurkenndar eru af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí), geta sótt um styrk úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera þriggja manna.

Í stjórn sjóðsins skal skipa á héraðsþingi ár hvert. Eigi má velja einstaklinga, til stjórnarsetu í sjóðnum, er gegna stjórnarsetu í aðildarfélagi innan HSV.

Varsla sjóðsins skal vera í höndum Sparisjóðs Vestfirðinga.

5. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

10% af óskiptum lottótekjum.

Styrkir og gjafir til sjóðsins.

Árlegt framlag Ísafjarðarbæjar.

Árlegt framlag fyrirtækja.

Vaxtatekjur.

6. gr.

Framlög er sjóðnum berast og óskað er eftir að gangi til ákveðins íþróttamanns/manna skulu ganga þannig til viðkomandi aðila beint.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur veitt styrk ef viðkomandi uppfyllir eitthvert eftirtalinna skilyrða:

Ef hann keppir á eða hefur möguleika á þátttöku á Ólympíu-, Heims-, Evrópu- eða Norðurlandameistaramótum.

Ef hann er valinn í landslið. Ef hann er framarlega í íþróttagrein sinni á landsvísu eða hefur sýnt mjög góðan árangur og er líklegur til að komast í hóp bestu íþróttamanna landsins í íþróttagrein sinni. Skal þá miðað við styrkleikaflokkun sérsambanda (sé hún til).

8. gr.

Styrkurinn miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni og tilkostnað vegna þátttöku. Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram 3 á ári 15.febrúar, 15. júní og 15. október. Berist engar umsóknir, er falla undir skilgreiningu 7.gr., skal færa þá fjármuni er ætlaðir voru til úthlutunar, til næstu úthlutunar.

9. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu berast sjóðsstjórn eigi síðar en 10 dögum fyrir styrkveitingu og vera undirritaðar af umsækjanda og formanni viðkomandi deildar með greinargerð um styrkþega.

Stjórn sjóðsins getur veitt styrki til einstaklinga eða hópa þó ekki liggi fyrir skrifleg umsókn viðkomandi, telji hún það samrýmast reglum sjóðsins.

10. gr.

Héraðsþing HSV getur lagt niður sjóðinn með 2/3 greiddra atkvæða. Sé sjóðurinn lagður niður skal fjármunum sem í honum eru úthlutast til aðildarfélaga HSV samkvæmt gildandi úthlutunarreglum almennra styrkja á vegum HSV.

Reglugerð þessi var samþykkt á héraðsþingi HSV 5. apríl 2008 og öðlast þegar gildi.

Breytingar:

4. gr. með breytingu

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur stjórnarmönnum auk tveggja varamanna.

Í stjórn sjóðsins skal skipa á héraðsþingi ár hvert. Eigi má velja einstaklinga, til stjórnarsetu í sjóðnum, er gegna stjórnarsetu í aðildarfélagi innan HSV.

7. gr. með breytingu

Stjórn sjóðsins getur veitt styrk ef viðkomandi uppfyllir eitthvert eftirtalinna skilyrða:

Ef hann keppir á eða hefur möguleika á þátttöku á Ólympíu-, Heims-, Evrópu- eða Norðurlandameistaramótum.

Ef hann er valinn í landslið **eða úrtök fyrir landslið**. Ef hann er framarlega í íþróttagrein sinni á landsvísu eða hefur sýnt mjög góðan árangur og er líklegur til að komast í hóp bestu íþróttamanna landsins í íþróttagrein sinni. Skal þá miðað við styrkleikaflokkun sérsambanda (sé hún til).

Lið eða hópur geta fengið úthlutað ef þau eru framarlega í íþróttagrein sinni á landsvísu eða hafa sýnt mjög góðan árangur og eru líkleg til að komast í hóp bestu liða/hópa landsins í íþróttagrein sinni. Skal þá miðað við styrkleikaflokkun sérsambanda (sé hún til).

8. gr með breytingu

Styrkurinn miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni og tilkostnað vegna þátttöku. **Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram 3 á ári og skulu úthlutanir auglýstar í febrúar, júní og október ár hvert. Umsóknarfrestur skal vera minnst 10 dagar.** Berist engar umsóknir, er falla undir skilgreiningu 7.gr., skal færa þá fjármuni er ætlaðir voru til úthlutunar, til næstu úthlutunar

Vísað til laganeftardar.

14. Nefndarstörf.

15. Afgreiðsla á álitni nefnda. Þingforseti ákveður að taka nefndirnar í röð og byrja á **allsherjarnefnd.**

Tillaga 2

Tillagan er samþykkt einróma.

Tillaga 3

Tillagan er samþykkt einróma.

Tillaga 4

Nokkrar umræður urðu um hana og úr varð tillaga 4a. Hún er samhljóða tillögu 4 með viðbótinni: „Nefndin standi fyrir átaki til að kynna númerið 400”.

Tillaga 4a er samþykkt einróma.

Tillaga 5

Samþykkt óbreytt

Tillaga 6

Tillagan er samþykkt einróma.

Tillaga 7

Guðjón Þorsteinsson hvetur til að nefndin verði fjölmennari en 3 því mikið verk er framundan
Tillagan er samþykkt einróma.

Tillaga 8

Tillagan er samþykkt einróma.

Tillaga 9

Tillagan er samþykkt einróma

Tillaga 11

Tillagan er samþykkt einróma.

Tillaga 12

Breyting í meðförum nefndar. Orðin „skerðingu eða breytingu á” falla úr og eftir verður tillaga 12a sem endar á „þegar teknar eru ákvarðanir um opnunartíma íþróttamannvirkja í Ísafjarðarbæ”.

Tillaga 12a samþykkt einróma.

Tillaga 13

Örlítill breyting á orðalagi, „Súðavíkur” verður „Súðarvíkurhrepps”
Tillagan samþykkt einróma.

Næst er það **laganefnd**.

Tillaga 10

Hún var rædd í 2 nefndum.
Tillagan samþykkt einróma.

Tillaga 14

Tillagan fjallaði um að fá að senda seinna fundarboð fyrir héraðsþing með rafrænum hætti en við bættist í umfjöllun nefndarinnar að halda þingið í mars eða apríl Úr varð tillaga 14a. Eftir nokkrar umræður var tillögunni breytt í að „halda þingið fyrir maílok ár hvert” ásamt breytingunni um rafræna fundarboðið. Nefnist það tillaga 14b

Tillaga 14b samþykkt einróma.

Tillaga 15

Tillaga 15 dregin til baka vegna breytinga á tillögu 14.

Tillaga 16

4.grein um afreksmannasjóð. Samþykkt einróma
7. grein um afreksmannasjóð. Samþykkt einróma
8.grein um afreksmannasjóð. Samþykkt einróma
Tillaga 16 borin upp í heild sinni: samþykkt einróma.

Og svo **fjárhags-og stefnumótunarnefnd.**

Tillaga 1

Guðjóni Þorsteinssyni finnst það slæmt að niðurgreiða ekki fyrir unglíngalandsmót.

Vill að stjórnin hafi það í huga. Spyr um internet og heimasíðugjald. Kristján

Kristjánsson framkvæmdastjóri svarar því.

Maróni finnst slæmt að geta ekki niðurgreitt en stjórnin er að vinna í því að fá til þess peninga

Tillaga 1 samþykkt einróma.

Tillaga 5

Guðjón Þorsteinsson bendir á að þetta standi í lögum HSV og erum því að áréttta það sem við eigum að gera.

Tillagan samþykkt einróma.

16. Önnur mál

Hermann Níelsson gefur Jóni Páli Hreinssyni orðið. Hann veitir viðurkenningar að tillögu stjórnar HSV. Marínó Hákonarson fær silfurmerki HSV og Harpa Björnsdóttir gullmerki HSV. Að tillögu KFÍ er Guðna Guðnasyni veitt silfurmerki HSV og að tillögu Sundfélagsins Vestra er Margréti Eyjólfsdóttur veitt silfurmerki HSV.

Jón Páll þakkar þeim fyrir ómetanlegt starf í þágu íþróttahreyfingarinnar á liðnum árum.

Guðjón Þorsteinsson óskar til hamingju með viðurkenningarnar. Honum finnst of fáir standa upp og tjá sig. Hann vill meðal annars að félögin fylki sér á bak við Jón Pál og Margréti Halldórsdóttur. Að fólk fylgist betur með því sem er að gerast og mæti á viðburði í bænum, Taki þátt. Sameinuð stöndum vér.

Marínó Hákonarson tekur til máls og þakkar fyrir merkið. Er ánægður með hópinn sem var heiðraður að þessu sinni. Hann stýrði líka 1.þingi HSV fyrir 10 árum. Þar var ÍBÍ, elsta íþróttabandalag landsins lagt niður í leiðinni. Finnst þingið í dag vera það best skipulagða til þessa. Hann stofnaði hestamannafélagið Hendingu sem í dag stendur ver að vígi en þegar það var stofnað. Ræddi aðeins um aðstæður hestamannafélagsins og samband þess við bæinn.

17. Kosningar

Kosning formanns

Jón Páll Hreinsson kosinn með lófataki.

Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára

Guðni Guðnason kosinn með lófataki.

Sturla Páll Sturluson kosinn með lófataki.

Kosning þriggja manna í varastjórn

Erla Jónsdóttir kosin með lófataki.
Ari Hólmsteinsson kosinn með lófataki.
Margrét Högnadóttir kosin með lófataki.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Guðmundur Kjartansson aðal kosinn með lófataki.
Bjarki Bjarnason aðal kosinn með lófataki.
Finnur Magnússon vara kosinn með lófataki.
Óðinn Gestsson vara kosinn með lófataki.

Kosning í afreksmannasjóð

Jón Páll Hreinsson kosinn með lófataki.
Maron Pétursson kosinn með lófataki.
Erla Jónsdóttir kosin með lófataki.

Varamenn

Martha Erntsdóttir kosin með lófataki.
Heimir Hansson kosinn með lófataki.

18. **Kosningar til þings UMFÍ skv.lögum UMFÍ á því ári sem þing þess er haldið.**

Ekki þing UMFÍ þetta árið

19. **Þingslit**

Jón Páll Hreinsson þakkaði fyrir gott þing og sleit því síðan.

Þingi slitið kl.22.05

Ath. Blakfélagið Skellur sá um veitingar í hléi.